
Grunnskóli Önundarfjarðar og Leikskólinn Grænigarður
Leik-og grunnskólinn á Flateyri
Ársskýrsla skólaárið 2019-2020



Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

júlí 2020

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Skýrsla um skólahald | 3 |
| Starfsmarkmið grunnskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau | 8 |
| Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau | 12 |
| Skipting nemenda | 13 |
| Starfsmenn og stöðugildi | 14 |
| Forföll starfsfólks | 15 |
| Forföll nemenda | 16 |
| Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag | 16 |
| Fjárhagsáætlun | 23 |

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf leik- og grunnskólans á Flateyri skólaárið 2019– 2020. Þar sem einn skólastjóri hefur verið yfir báðum skólunum frá árinu 2012 er orðin hefð fyrir að sameiginleg skýrsla sé gerð.

Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Farið er yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma þar einnig fram. Niðurstöður samræmdra prófa eru birtar að því marki sem hægt er vegna fámennis. Einnig inniheldur skýrslan greinargerð um sjálfsmat skólanna og upplýsingar um kennslustundaúthlutun.

Grunnskólinn stendur í norðvestur hluta þorpsins og eru rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsið var tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er íþróttahús með sundlaug og fyrir utan skólann er leikvöllur, körfuboltavöllur og sparkvöllur. Skólalald hófst á Flateyri árið 1903 á Grundarstíg 14 og voru 25 nemendur í skólanum fyrsta skólaárið 1903-1904. Árgangar voru þá fjórir og var þeim kennt í tveimur hópum. Á þessum tíma bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2019-2020 voru 16 nemendur í skólanum, 3 í fyrsta bekk, 2 í þriðja bekk, 2 í fjórða bekk, 3 í fimmta bekk, 3 í níunda bekk og 3 í tíunda bekk. Einn nemandi bættist í hópinn tímabundið. Kennt var í tveimur hópum, 1.-5. bekk og 9. og 10. bekk.

Leikskólinn Grænigarður hóf starfsemi sína í desember 1996. Skólinn var reistur fyrir gjafafé frá færeysku þjóðinni sem hún safnaði eftir að snjóflóð féll á Flateyri í október 1995, en þar eyðilagðist meðal annars leikskólinn Brynjubær sem hafði hýst starf leikskólans áður. Grænigarður er 400 fm. bjálkahús með rými fyrir 42 börn í heilsdagsvistun. Nemendur leikskólans voru 17 bæði í upphafi skólaárs og við lok þess. Efri hæð leikskólahússins er nýtt sem félagsmiðstöð fyrir unglingana á staðnum.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir. skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Þetta skólaár er annað árið sem undirrituð stýrir leik- og grunnskólunum á Flateyri. Starfsmannahópur grunnskólans hélst óbreyttur frá fyrra ári að frátöldu einu fæðingarorlofi í lok skólaárs sem fengin var afleysing vegna. Talsverðar mannabreytingar voru á leikskólanum, nýr deildarstjóri var ráðinn frá 9. desember og þrír aðrir starfsmenn komu nýir inn í lengri eða skemmri tíma. Fyrir næsta skólaár hefur verið ráðinn einn nýr grunnskólakennari og einn starfsmaður kemur á leikskólann sem ekki hefur starfað þar áður. Stjórnanda hefur gengið ágætlega að skipta sér milli starfsstöðva og hefur haft fasta viðveru á leikskólanum einn morgun í viku en einnig litið þar við eftir þörfum. Tímabilið frá 23. mars – 4. maí var þó öðruvísi en vant er vegna samkomutakmarkana af völdum covid-19 en á þeim tíma var tekin ákvörðun um að stjórnandi færi ekki á milli stöðvanna heldur væri eingöngu í sambandi við leikskólann í gegnum síma og internet. Þetta gekk allt upp þó ýmislegt hafi orðið að bíða fyrir vikið.

Grunnskólinn var settur á sal klukkan 10 að morgni 22. ágúst. Að skólasetningu lokinni hófust fundir umsjónarkennara og einstaklingsviðtöl þar sem nemendur og foreldrar hittu umsjónarkennara og fóru yfir markmið komandi skólaárs. Skemmtileg stemning myndaðist á ganginum þar sem flestir tóku því rólega í skólahúsinu og spjölluðu saman meðan þeir biðu þess að röðin kæmi að þeirra viðtali.

Leikskólinn opnaði 13. ágúst að loknu 5 vikna sumarleyfi. Fyrrihluta dags var starfsmannafundur og húsgögnum stillt upp eftir bónvinnu innanhúss í lokuninni. Opnað var fyrir nemendur klukkan 12:00. Fljótlega eftir skólasetningu Grunnskólans var þemavika sem hófst á degi íslenskrar náttúru. Þemað sem unnið var með var Öundurarfjörðurinn og náttúra hans. Vel gekk hjá öllum hópum og verkefni voru fjölbreytt og skemmtileg. Við nutum krafta sérfræðinga úr nærsamfélaginu til að hjálpa okkur við veiðar og að læra að þekkja hvað af því sem við finnum í fjörunni við getum nýtt hvernig við getum nýtt það. Einnig var unnið salt úr sjó og endanleg afurð varð baðsalt. Bæjarbúum var boðið á uppskeruhátíð þar sem hægt var að smakka á afurðum vikunnar, ýmsum fiskréttum, þara, roðsnakki og uppskeru úr gróðurkössunum svo eitthvað sé nefnt.

Agnar Jón Egilsson spunakennari sem kennir við Lýðskólann bauð nemendum grunnskólans upp á spunanámskeið í lok september en þetta er í annað sinn sem hann gerir það.

Skáld í skólum komu í heimsókn. Það voru þau Linda Ólafsdóttir og Vilhelm Anton Jónsson sem komu til okkar og unnu með nemendum verkefni sem reyndi á hugmyndaflug og þor til að láta hugmyndirnar í ljós. Linda sagði krökkunum frá því hvað hún hefði alltaf haft gaman að því að teikna og þess vegna hefði hún ákveðið að láta á það reyna hvernig hún gæti unnið við það þegar hún yrði fullorðin sem hún nú gerir.



Í byrjun febrúar héldu nemendur unglingsstígs ljóða og smásagnamaráðon sem stóð yfir í 24 klukkustundir. Þar sem þessi viðburður var í fjáröflunarskygni voru seldar veitingar allan sólarhringinn og varð þetta því einnig heimilisfræðimaráðon þegar upp var staðið.

Það sem einkenndi stemninguna á staðnum var samviskusemi unglingsanna. Margir gestir lögðu leið sína í grunnskólann en jafnvel þó að engir gestir væru að hlusta á tímum var hvergi slakað á við lesturinn. Þarna voru flutt ljóð eftir hina ýmsu höfundu og lesnar smásögur inn á milli. Nemendur fluttu einnig sín eigin ljóð og gestir tóku upp bók og lásu sögur eða ljóð. Það bætti heldur betur í stemninguna um miðnættið þegar nemendur skiptust á að lesa smásögur sem þeir hafa sjálfir verið að skrifa í vetur og komu þar fram miklir hæfileikar. Kappið var svo mikið að sögur voru samdar á staðnum og fluttar strax að skrifum loknum. Samviskusemin og metnaðurinn var ekki minni þegar kom að eldhússtörfunum. Á hliðarlínunni voru foreldrar og starfsfólk sem aðstoðuðu eftir þörfum og sáu um gæslu í húsinu. Þess má geta að nemendurnir eru ekki nema 6 talsins og því mikið sem hver og einn lagði á sig og ekki mikið um hvíld þó allir hafi náð smá kríu. Allir tóku svo þátt í frágangi í lokin.

Íþróttahátíðin Öðruvísi leikarnir sem er fyrir 1.-7. bekk fór fram 4. október í Súðavík. Farið var í leiki, unnin stöðvarvinna og endað með grillveislu. Þátttakendur voru Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Aftur lá leiðin svo til Súðavíkur með alla nemendur Grunnskóla Öfundarfjarðar til að taka þátt í List fyrir alla en þemað þetta árið var Barnabókaflóðið. Nemendur kynntust aðferðum til að vinna með sína eigin ritun ásamt fleiru. Þessi ferð var einnig nýtt til að skoða Melrakkasetrið. Eldri nemendurnir tóku þátt í Stóru íþróttahátíðinni sem fram fór í Bolungarvík 10. október. Allir nemendur unglingsstígs tóku þátt. Stendur þessi hátíð jafnan yfir allan daginn og endar með balli um kvöldið.

Hefð er orðin fyrir því að halda kaffihúsakvöld í nóvember og tileinka það Degi íslenskrar tungu. Nemendur unglingsstígs sáu um að baka, hella upp á kaffi og hita kakó sem síðan var selt til ágóða fyrir nemendasjóð. Húsið fylltist af gestum sem nutu þess að sjá nemendur og kennara sýna brot af því fjölbreytta starfi sem á sér stað í skólanum. Fyrst sýndu nemendur leik og grunnskóla tónlistaratriði úr sögunni Bróðir minn Ljónshjarta en tónlistarskólinn er með aðstöðu til að kenna nemendum í rúllandi stundaskrá innan skólatíma auk þess sem tónlist er kennd einu sinni í viku á yngsta og miðstigi. Í þessu atriði komu fram nemendur frá fimm ára til fimmtán ára. Síðan stigu nemendur unglingsstígs á stökk,

sungu einsöng, fluttu ljóð og að lokum sýndu þau stuttmynd sem þau settu saman eftir smásögu sem einn þeirra samdi. Að þessum flutningi loknum flæddi dagskráin um þar sem gestir fengu sér veitingar og færðu sig niður á neðri hæðina þar sem nemendur yngsta- og miðstigs voru með lifandi sýningu á afrakstri vinnu með himingeyminn. Þar voru ýmsar útgáfur af geimförum sem hreyfðust á mismunandi hátt með hjálp mótorá, rafhlaðna og hreyfla. Einnig var hægt að sjá hvernig þau höfðu verið að kynna notkun á smáforritum og gafst gestum kostur á að prófa og vakti það mikla lukku.

Hrekkjavaka var haldin í grunnskólanum og vakti mikla lukku. Að morgni tóku starfsmenn á móti nemendum í algjöru myrkri og fóru síðan allir í feluleik í myrkum skólanum. Skólahópur leikskólans tók þátt í gleðinni.

Nemendum unglingsstigs var boðið á öll böll sem haldin voru af 10. bekk á Ísafirði. Veður hamlaði þó för á einhver þeirra og þau urðu færri en í venjulegu árferði vegna samkomubanns.

Foreldrakaffi í leikskólanum var að vanda í desember. Leikskólabörnin buðu upp á piparkökur sem þau höfðu sjálf bakað og skreytt.

Í grunnskólanum var opinn dagur föstudaginn 13. desember þar sem bæjarbúum var boðið að koma við milli klukkan 8:15 og 12 með sín jólakort eða kortaefni og taka þátt í notalegri stund við jólakveðjuskrif. Boðið var upp á kakó og piparkökur.

Litlu-jólin voru haldin 20. desember, síðasta skóladag fyrir jólaeyfi grunnskólanema. Hittumst nemendur leik- og grunnskólans á Grænagarði og héldu saman jólaball þar sem jólasveinninn kom í heimsókn og gaf kerti og spil. Eftir jólaballið fóru allir nemendur og starfsmenn grunnskólans auk skólahóps í Gunnukaffi og borðuðu saman jólamat. Nemendur og starfsmenn leikskólans fengu sinn jólamat í skólann.

Í janúar ákvað Einar Mikael töframaður að gefa krökkunum í leik- og grunnskóla á Flateyrir eina sýningu og fór hún fram á loftinu í leikskólanum 24. janúar.

Í febrúar fengu nemendur 9. og 10. bekkjar námskeið hjá Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingi á vegum VáVest. Var námskeiðið haldið á Ísafirði frá morgni og fram að hádegi. Allir þátttakendur borðuðu saman í mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði áður en heim var haldið.

Á degi leikskólans sem er 6. febrúar var opið hús og gestum boðið að hlýða á söng nemenda og taka þátt í kaffitíma með þeim. Margir gestir komu að þessu sinni.

Árlega er 112 dagurinn haldinn 11. febrúar (11.2). Mark-mið dagsins er að kynna neyðar-númerið 112 og starf-semi aðilanna tengjast því, efla vitund fólks um mikil-vægi þessarar starf-semi og hvernig hún nýtist al-menningi. Í tilefni af deginum fengu



sem

nemendur Leikskólans Grænararðs og Grunnskóla Öfundarfjarðar heimsókn frá björgunarsveit og slökkviliði úr heimabyggð. Glænýr slökkvibíll var til sýnis ásamt öðrum farartækjum.

Árshátíð grunnskólans var á dagskrá fimmtudaginn 26. mars og voru nemendur byrjaðir að undirbúa hana. Búið var að panta leikrit fyrir yngra stigið og einnig fyrir unglingana sem voru búnir að þýða sitt verk úr ensku yfir á íslensku. Vegna samkomutakmarkana varð að hætta við að halda árshátíð þetta skólaárið.

Uppbrotsdagar eru reglulega á leikskólanum og má þar nefna „sýndu og segðu frá“ en þá komu börnin með einn hlut að heiman, stigu í pontu og sögðu frá. Á hjóladegi komu börnin á hjólunum sínum og bæði þau og kennarar æfðu sig á ýmsum hjólaþrautum. Í leikskólanum voru einnig haldnir litadagar, til dæmis gulur og blár dagur. Þá klæddust börn og starfsfólk fatnaði í þemalit dagsins og borða mat sem er í þeim lit. Á öskudaginn mættu nemendur í búningum og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Einnig gengu öll börn leikskólans í heimahús og fyrirtæki bæjarins og sungu fyrir glaðning. Páskaeggjaleit og fjölskyldudagur átti að vera haldinn síðasta miðvikudag fyrir páska en vegna lokunar leikskólans var hætt við viðburðinn. Venjulega er foreldrum og systkinum boðið að taka þátt í páskaeggjaleitinni með börnum.

Sýning á verkum nemenda Grænararðs fór fram í leikskólanum á opnu húsi nemenda 5. júní en þann dag var einnig útskrift fimm ára nemenda og boðið upp á kaffi og útskriftarköku.

Sýning á verkum nemenda var samhliða skólaslitum þetta árið. Stillt var upp sýnishornum af því sem nemendur hafa tálgað, smíðað, málað eða saumað. Unglingarnir sýndu lokaverkefni sín einnig á skólaslitunum.

Allan maí mánuð voru yngri nemendur grunnskólans í útiskóla. Þá daga sem skólahópur leikskólans var í grunnskólanum tók hann þátt í því sem verið var að fást við. Viðfangsefnin voru ýmsar mælingar, fuglar fjarðarins, eldun og bakstur við opinn eld, tálgun, síun á vatni svo það yrði drykkjarhæft, gróðursetning og ýmislegt fleira.

Unglingarnir nýttu síðustu tvær vikur skólaársins í að vinna lokaverkefni sem metin voru út frá lykilhæfni. Voru þar unnin myndbönd um heimahagana, fuglaljósmyndun, fróðleikur um æðarvarp og samið ljóð og lag. Öll verkefni voru kynnt á skólaslitunum.

Eldri hópur grunnskólans fóru í vorferðinni í Heydal þar sem þau gistu í eina nótt, fóru á kajak og á hestbak.



grunnskólanum þar sem allir fengu ís.

hestbak.

Yngri hópur grunnskólans og elsti hópur leikskólans fóru saman í vorferð til Bolungarvíkur. Þar var farið í sund og á Náttúrugripasafnið og svo voru grillaðir hamburgarar á tjaldsvæðinu. Ferðin endaði í

Skólarnir eru með heimasíðuna gron@isafjordur.is og eru þar settar inn fréttir og viðburðir tilkynntir. Foreldrafélagið er með lokaðan hóp á facebook þar sem hægt er að deila fréttum af heimasíðunni og hefur það gefist vel.

Foreldrafélag skólanna sá um kaup á rjómabollum fyrir nemendur beggja skóla á bolludaginn. Í stjórn Foreldrafélagsins eru: Dagný Arnalds, Jón Magnússon, Eyvindur Atli Ásvaldsson og Steinunn G. Einarsdóttir. Foreldrafélagið er með hóp á facebook. Mikilvægt er að funda með foreldrafélaginu strax í upphafi næsta skólaárs en formleg fundarhöld voru ekki þetta skólaárið.

Í nemendaráði sátu allir nemendur unglíngastígs. Fundir voru á áætlun einu sinni í viku í frímínútum. Næsta skólaár koma nemendur úr 5. og 6. bekk einnig inn í nemendaráðið og verður þá kosið í nýtt ráð og reglubundnir fundir skipulagðir. Betra er að hafa fundartíman lengri og færri.

Þetta skólaárið var ákveðið að prófa að hafa eitt sameiginlegt skólaráð fyrir bæði leik og grunnskóla, verður þetta fyrirkomulag endurskoðað haustið 2020. Í skólaráði eru Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri, Sigurður Jóhann Hafberg og Joanna Majewska fulltrúar kennara, Svanborg Gróa Hinriksdóttir fulltrúi starfsfólks, Steinunn G Einarsdóttir og Ívar Kristjánsson fulltrúar foreldra, Guðmundur Björgvinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins og Einar Arnalds Kristjánsson og Svandís Rós Ívarsdóttir fulltrúar nemenda. Skólaráð fundaði aðeins einu sinni á skólaárinu en áætlun gerði ráð fyrir fjórum fundum. Vegna veðurs og samkomutakmarkana varð ekki af fleiri fundum en tölvupóstsamskipti voru nýtt til að fara yfir skólanámskrá og kynningu á skóladagatali 2020-2021.

Skólarnir fá hádegisverð sem útbúinn er í Gunnukaffi fimm daga vikunnar. Skólaliði grunnskólans hefur séð um að koma með matinn á Grænagarð. Nemendur grunnskólans gengu í Gunnukaffi og borðuðu matinn þar. Almenn sátt virðist vera um þetta fyrirkomulag. Þennan skólavetur var veðrið mjög oft slæmt svo maturinn var sóttur og borðaður í skólanum og meðan á samkomubanni stóð var sá hátturinn einnig hafður á.

Starfsfólk leikskólans sá um að útbúa morgunverð og síðdegishressingu fyrir börnin. Mikilvægt er að fylgjast vel með hvað er í boði hverju sinni og brydda upp á nýjungum. Engar teljandi breytingar voru gerðar frá sl. hausti en stefnan er að verða heilsueflandi leikskóli á næsta skólaári.

Nemendur grunnskólans gátu keypt d-vítamínbætta léttmjólk í frímínútum og boðið var upp á ávaxtaáskrift. Mæltist það afar vel fyrir og voru margir nemendur í ávaxtaáskrift. Tilraun sem fór af stað í fyrra með að bjóða upp á hafragraut í frímínútum á morgnana hefur mælst vel fyrir og hefur fest sig í sessi.

Starfsmarkmið grunnskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau

Grunnskóli Önundarfjarðar hefur síðustu ár haft að leiðarljósi að efla lestur, lesskilning og stærðfræði og mun því verða áframhaldið. Í tengslum við átak skóla Ísafjarðarbæjar, *Stillum saman strengi*, verður meira eftirlit með stærðfræði og markvissari vinnubrögðum beitt við skráningu. Undanfarin ár hefur verið horft til þess að auka hreyfingu nemenda og var það m.a. gert með því að færa mötuneyti skólans yfir í Gunnukaffi. Verður það þannig áfram en í vetur voru margir dagar sem þurfti að sækja matinn vegna veðurs og samkomutakmarkana af völdum covid-19. Gönguskíðin sem skólinn á voru aðeins notuð en ennþá eru bara til skíði fyrir yngri nemendurna og þarf að huga að því að bæta við. Nóg er til af skautum til að allir komist út á skauta. Illa gekk að gera skautasvell þennan veturinn svo þeir nýttust ekki sem skildi.

Að auka vellíðan nemenda.

Nemendur taka þátt í Skólapúlsinum tvisvar sinnum á ári. Hefur komið fram aftur og aftur að nemendum líður ekki nógu vel og er því eitt af starfsmarkmiðunum skólans að auka vellíðan barnanna í skólanum. Ýmislegt var gert til að stuðla að betri líðan nemenda. Má þar nefna bekkjarfundi og lífsleiknitíma sem nýttir hafa verið til að efla nemendur. Tvö námskeið sem haldin voru af utanaðkomandi

aðilum en það voru spunanámskeið sem Agnar Jón Egilsson hélt fyrir báða aldurshópa og eldri nemendurnir fengu námskeið með Elísabetu Lorange listmeðferðarfræðingi.

Námsráðgjafi kemur til okkar aðra hverja viku og ræðir við nemendur og gerir meðal annars tengslakannanir með þeim. Einnig eiga nemendur greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingi sem kemur reglulega. Greiðlega hefur einnig gengið að fá þjónustu sérfræðinga ef þess hefur þurft með. Fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa það einnig að markmiði að koma til móts við ólíka einstaklinga svo allir geti fundið sína styrkleika. Er þessi vinna metin reglulega m.a. með Skólapúlsinum. Í skólapúlsinum frá skólaárinu 2019-20 kemur fram að vellíðan er ennþá talsvert undir landsmeðaltali þó hún sé á uppleið. Einelti mælist yfir landsmeðaltali eins og árin á undan en þá aðeins minna en áður og á sér stað utan skólans. Samsömun við nemendahópinn er undir meðaltali en þó örlítill stígandi á milli kannana í haust og vor. Tengsl nemenda við kennara, agi í tímum og virk þátttaka nemenda eru þættir sem allir mælast nú hærra en áður og ná landsmeðaltali. Þrátt fyrir að ýmsir þættir sýni þróun í rétta átt verðum við að halda ótrauð áfram og sofna ekki á verðinum og halda áfram að leita nýrra leiða. Ekki var gerð foreldrakönnun með skólapúlsinum þetta skólaár. Þess má geta að skólapúlsinn er eingöngu lagður fyrir 6. bekk og uppúr og eiga niðurstöður hans því einungis við um unglíngana hjá okkur.

Að bæta læsi

Það gerum við með því að láta nemendur vinna lesskilningsverkefni jafnt og þétt yfir veturinn, lesa heima lágmark 15 mínútur á dag auk lestrarþjálfunar í skóla (yndislestur og lesa fyrir kennara). Tvisvar yfir veturinn taka nemendur í 3.-8. bekk lesskilningsprófið *Orðarún*, Lesfimi er lög fyrir í öllum bekkjum þrisvar sinnum yfir veturinn. Markmið okkar er að nemendur bæti sig alltaf á milli prófa jafnframt því að ná sem flestum upp fyrir 90% markmið lesfimiprófanna. Bókakostur skólans er bættur jafnt og þétt. Einnig eru sóttar bækur á bókasafnið á Ísafirði. Verið er að skoða bestu leiðina til að fara í bókasafnsferðir með nemendur. Unnið var með fjölbreyttar kennsluaðferðir á yngsta stiginu og unglíngarnir unnu mikið með ritlist og ljóðagerð í íslenskunni sem hvort tveggja eru skemmtilegar kennsluaðferðir sem auka fjölbreytni og vekja áhuga og þar með auka líkur á bættum námsárangri. Niðurstöður skólapúsl að vori 2020 sýna aukna ánægju af lestri og er hún talsvert yfir landsmeðaltali eða 5,6 en landsmeðaltal 4,7.

Að bæta stærðfræði árangur nemenda

Kennsluaðferðir á yngra stigi miðast að því að gera vinnuna sem verklegasta og þannig auka bæði áhuga og skilning á stærðfræðinni. Á unglíngastiginu vinna nemendur hver eftir sinni áætlun að

verkefnum í stærðfræðibókum. Einnig er unnið með verkefni á netinu. Árangur beggja hópa er metinn með hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum. Stærðfræðinámið gengur vel og vinna við námsmat er að þróast í rétta átt en allt mat er unnið í mentor. Helsta viðmiðið er að hver og einn nemandi nái að bæta sinn árangur jafnt og þétt. Niðurstöður Skólapúsl sýna aukinn áhuga á stærðfræði.

Stefnur og áætlanir

Ísafjarðarbær ákvað að fara í öflugt átak í upplýsingatæknikennslu fyrir nokkrum árum síðan sem hófst á því að kennarar voru þjálfaðir. Tíð kennaraskipti á Flateyri síðastliðin ár hafa leitt til þess að spjaldtölvurnar hafa ekki verið nýttar eins markvisst og hægt væri. Vilji er hjá núverandi starfsmannahópi að koma þessum málum í lag og voru spjaldtölvur talsvert notaðar síðasta vetur. Keyptar voru nýjar spjaldtölvur fyrir unglingastigið og verður haldið áfram að endurnýja fyrir næsta vetur. Í vetur biðum við eftir nýjum tölvum sem ekki komu en ætlunin er að nota Chromebook fartölvur fyrir nemendur.

Einnig var haft að markmiði að halda áfram með það starf sem unnið hefur verið í sameiginlegu átaksverkefni skólanna í Ísafjarðarbæ Stillum saman strengi sem beinist að því að ná sem bestum árangri í lestri og stærðfræði. Unnið var með lestur og stærðfræði með fjölbreyttum hætti og á yngra stiginu var mikið unnið hlutbundið og verklega. Lestrarátök voru einnig tekin. Unnið er eftir lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar. Allt starf skólans er metið með gæðagreinum Hversu góður er grunnskólinn okkar. Við mata á gæðagreininum Betri frmmistaða og aukinn árangur er heildarmat 4,2 en hæst er hægt að fara í 6,0. Á næsta skólaári verður haldið áfram með sambærilega vinnu og áfram unnið í umbótum við að meta árangur markvisst.

Skólanámskrár beggja skólanna fyrir skólaárið 2019-20 eru komnar á heimasíðu skólanna. Þær eru endurskoðaðar árlega og verður sú vinna unnin í haust. Enn sem komið er eru þessar námskrár tvær en skoðað verður í framtíðinni hvort ástæða sé til að sameina þær.

Starfsáætlun grunnskólans er skilað 15. september ár hvert og ný útgáfa birt á heimasíðu skólanna. Starfsmenn og skólaráð kom að endurskoðun. Áður en nú starfsáætlun verður birt 15. september 2020 þarf að huga að starfsmarkmiðum fyrir leikskólann. Leitað verður eftir aðkomu alls skólasamfélagsins við áframhaldandi vinnu við skólanámskrána og starfsáætlun og aðkoma nemenda aukin.

Mikill samhugur er í starfsfólki grunnskólans og mikill vilji til að hlúa sem best að skólastarfinu. Mikil umræða um námsmarkmið og hæfniviðmið átti sér stað meðal starfsmanna á síðasta vetri og förum við inn í næsta vetur með fullt af hugmyndum um hvernig við getum náð sem bestum árangri. Mikil áhersla var lögð á að ná tókum á að nota Mentor sem er kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir og verkefni og meta þar jafnóðum hæfni og námsmarkmið nemenda og auðvelda þannig vinnu við mat við annarlok og lokamat. Erum við almennt komin vel á veg með notkun á menntor og við skólalok voru áætlanir fyrir næsta skólaár gerðar. Í upphafi næsta skólaárs verða svo gerðar lotur í mentor og hæfniviðmið tengd við þær og kennsluáætlanir fínþúsáðar. Með þessu móti á vinna við að meta hæfniviðmið að verða auðveld og nemendur eiga að geta fylgst með og unnið að markmiðunum. Í mentor er einnig haldið utan um mætingu nemenda. Það sem við þurfum að leggja áherslu á í þessu sambandi næsta skólaár er að passa upp á að allt sé sýnilegt nemendum og foreldrum svo þeir geti auðveldlega fylgjast með framvindu námsins svo vinna við hæfniviðmiðin verði markvissari. Við þurfum að byrja næsta skólaár á að fá námskeið til upprifjunar svo vinnan við mentor verði eins auðveld og hugsast getur. Eitt af markmiðum okkar að bættum námsárangri er að nemendur séu upplýsitir um kröfurnar sem eru gerðar til þeirra. Við höfum verið að bæta okkur í upplýsingaflæði til nemenda en alltaf má gera betur.

Fjölbreyttir kennsluhættir og verkleg vinna hefur sett svip á skólahaldið síðustu vetur og eru skík vinnubrögð búin að festa sig í sessi á yngra stiginu.

Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau

- ✓ Leggja áherslu á vellíðan barna og gleði og byggja á styrkleika þeirra og hæfni
- ✓ Efla málþroska, auka málskilning og orðaforða
- ✓ Að efla sjálfstæði (sjálfstæði í daglegum athöfnum)
- ✓ Að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi (íþróttatími í íþróttahúsinu, útivera á hverjum degi)
- ✓ Vekja áhuga á sjálfinu, öðrum og umhverfinu
- ✓ Læra um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Vel gekk að vinna að starfsmarkmiðum leikskólans. Unnið er að vellíðan allra með jákvæðni og góðum samskiptum við börnin og foreldrana. Hlustað er á börnin og rætt um tilfinningar. Börnin eru hvött til að finna lausnir í aðstæðum sínum.

Í málörvun er mikið unnið með Hljóðasmiðju Lubba þar sem hljóð bókstafanna eru kynnt fyrir börnunum og sungnir eru söngvar sem tengjast hljóðunum. Það er lesið fyrir börnin og sungið og með söngvunum eru notuð tákni eða myndir. Í þemahópatímum var unnið með málörvun í gegn um bækur, spil og spjall.

Daglega fara börnin út á leikvöllinn og eflist þá hreyfing þeirra, suma daga er útvíst tvisvar yfir daginn og þá sérstaklega þegar veðrið er gott. Í þemahópatímum fara öll börnin einu sinni í viku í hreyfistund inni þar sem farið er í hreyfileiki, grófhreyfingar æfðar, hreyfisöngvar sungnir og jóga iðkað með kennara. Einnig fer hver hópur einu sinni í viku í útvíst í þemahópatímum þar sem farið er í vettvangsferðir eða leiki utandyra. Kennarar setja líka upp þrautabrautir sem reyna á jafnvægi og fleira. Stundum er farið á ærslabelginn og farið er í vettvangsferðir t.d. í fjöruna þar sem leitað er að skeljum, spjallað um fiska, fugla og umhverfið.

Unnið er með sjálfstæði með því að leggja áherslu á að börnin klæði sig sjálf og noti salerni. Eldri börnin skammta sér sjálf mat og hella sjálf í glös. Vegna Covid 19 þurftu kennarar þó að skammta fyrir börnin tímabundið og unnið var svo aftur að því síðustu mánuðina að þau gerðu þetta sjálf.

Börnin eru hvött til vináttu og að vera góð hvert við annað. Sungin eru lög um vináttu og unnið með vináttu í gegnum teikningar.

Um líkamann læra nemendur í hópatímum, í gegnum söngva, bækur og að skoða sig sjálf í spegli og teikna sjálfsmýndir.

Skipting nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans, 16, 9 stúlkur og 7 drengir. Samkennsla var í 1.-5. bekk en þar voru 10 nemendur, 3 í fyrsta bekk, 2 í 3. bekk, 2 í 4. bekk og 3 í 5. bekk. Einnig var samkennsla í 9. - 10. bekk en tveir nemendur voru í 9. bekk og fjórir í 10. bekki. Fjórir tvítyngdir nemendur voru við skólann. Engir nemendur voru í 2. 6. 7. og 8. bekk. Allir þessir nemendur luku skólaárinu við Grunnskóla Öfundarfjarðar. Auk þess stundaði einn nemandi tímabundið nám við 9. bekk í skólanum í vetur.

Þegar leikskólinn opnaði í ágúst stunduðu 17 börn nám í honum, þar af voru tvö að hefja aðlögun. Fjöldinn hélst nokkuð stöðugur en tvö börn hættu vegna flutninga, eitt barn bættist við í febrúar og annað í maí og helst því barnafjöldinn sá sami fram að sumarlokun. Flest börnin eru í heilsdagsvistun. Fyrri hluta árs átti helmingur barnanna annað móðurmál en íslensku og eru það spænska, arabíska og pólska. Seinni hluta árs voru 6 af 17 börnum tvítyngd. Börnin eru á aldrinum 12 mánaða til 5 ára. Þrjú börn útskrifast úr leikskólanum þetta vor og hefja grunnskólagöngu í haust. Eitt eins árs barn hefur aðlögun eftir sumarfrí og önnur 3 eins árs börn hefja aðlögun seinna á árinu.

Sjö börn úr 1.-4. bekk voru í dægradvöl sem var starfrækt er í grunnskólahúsnæðinu.

Flestir nemenda beggja skóla búa á Flateyri. Tveir nemendur grunnskólans og einn nemandi leikskólans koma úr Öfundarfirðinum og sjá foreldrar um skólaakstur þeirra. Það er fjölgun í árgöngum á leikskólanum og frá fyrsta bekk og niður vantar nú engan árgang inni svo með sama áframhaldi má sjá fram á fjölgun í grunnskólanum á næstu árum.

Starfsmenn og stöðugildi

Í grunnskólanum voru fastir kennarar, leiðbeinendur, stundakennarar ásamt skólustjóra í leik- og grunnskólanum voru 7.

Tveir grunnskólakennarar voru í 100% stöðu, einn leiðbeinandi var í 92% stöðu. Einn stundakennari kenndi 3 tíma á viku og einn kenndi eina stund á viku allt skólaárið og fengum við svo einn til viðbótar til liðs við okkur í nóvember sem kenndi þrjár stundir á viku. Stundakennararnir hafa kennt dans, tónlist og verkgreinar. Skólaliði var í 62,5% starfi og var jafnframt starfsmaður dægradvalar í 37,5% starfi. Vel hefur gengið að fá starfsfólk á leikskólann þetta skólaárið. Nýr deildarstjóri tók við í desember og er hann þroskaþjálfari að mennt og er í 100% starfi. Einn kennari er með leyfisbréf og er í 100% starfi. Starfsmaður í afleysingum inni á deild er einnig með leyfisbréf. Nú er leikskólinn þó fullmannaður á ný en auk deildarstjóra eru þar leikskólakennari í 80% starfi. Einn starfsmaður í leikskóla í 100% starfi og annar í 80% starfi. Starfsmaður í afleysingu og ræstingu í 100% starfi.

Starfsmenn:

Ágústa Guðmundsdóttir afleysingar í leik- og grunnskólanum.

Dagný Arnalds, stundakennsla kórsöngur, tvær stundir á viku.

Grazyna Posnik í blönduðu starfi afleysingar leikskólakennara og ræstingar 100% starf.

Helena Hrund Jónsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Hrefna Ásgersdóttir starfsmaður í leikskóla frá áramótum fram í lok maí í 100% starfi.

Joanna Majewska var deildarstjóri Grænagarðs frá 1. apríl 2019 - 8. desember, 100% starf, áður háskólamenntaður starfsmaður. Fékk leyfisbréf frá janúar 2020 og starfar nú sem leikskólakennari.

Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir deildarstjóri Grænagarðs frá 9. desember 2019 í 100% starfi.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Jónína H. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi í 7% starfshlutfalli.

Júlía Ósk Bjarnadóttir starfsmaður í 80% starfi. Hóf störf 8. maí 2019. Lauk B.ed. í leikskólakennarafræðum í júní 2019, fór í leyfi um áramót.

Katarzyna Filochowska starfsmaður í leikskóla í 100% starfi.

Katrín María Gísladóttir leiðbeinandi í 92% starfi, að hluta með skólahóp leikskólans.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri.

Magnús Eggertsson, stundakennsla 3 stundir á viku frá nóvember til maí. Smíðar og handverk.

Maria Eugenia Chiarandini starfsmaður á leikskóla 80% starf fór í for í leyfi og sagði síðan starfi sínu lausu.

Sigurður Jóhann Hafberg umsjónarkennari í 100% starfi.

Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir danskennsla, 3 stundir á viku.

Sólveig María Þórðardóttir leiðbeinandi í grunnskóla frá 1. mars - 9. júní og starfsmaður leikskóla frá 10. júní í 100% starfi.

Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir 62,5% skólaliði og 37,5% starfsmaður dægradvalar.

Forföll starfsfólks

Stöðugleiki hefur náðst í starfsmannahaldið á leikskólanum þó mikið sé um tímabundnar ráðningar vegna árlegra auglýsinga eftir leikskólakennurum. Í grunnskólanum starfaði sama starfsfólk og árið áður en einn starfsmaður fór í leyfi frá 1. mars og kom annar inn í afleysingar. Einn starfsmaður leikskólans fór í leyfi í október og sagði upp starfi sínu í framhaldinu. Annar starfsmaður fór í leyfi um áramót og kemur aftur til starfa á næsta skólaári. Lítið hefur verið um skammtíma leyfisbeiðnir starfsfólks í leik- og

grunnskóla og alltaf verið hægt að verða við þeim óskum sem komið hafa. Veikindi starfsfólks grunnskólans voru 96 tímar eða 12 dagar. Fjarvera vegna veikinda barna voru 24 tímar eða 3 dagar. Skólahald féll niður í báðum skólum í 6 daga vegna veðurs þetta skólaár. Aðeins einn þessara daga var auglýst fyrirfram að skólahald félli niður, hina dagana mátu foreldrar það svo að ekki væri æskilegt að senda börnin í skólann. Nokkra daga til viðbótar var veruleg röskun á starfi vegna veðurs þar sem fáir nemendur voru mættir. Einn starfsmaður grunnskólans er ekki búsettur á Flateyri og var hann frá vinnu vegna veður og ófærðar ...

Veikindadagar starfsfólks grunnskólans voru 28 dagar og 2 dagar vegna veikinda barna. Veikindi starfsfólks leikskólans voru 24 heilir dagar og 67 dagar vegna hlutaveikinda. Starfsfólk leikskólans var fjarverandi 13 daga vegna veikinda barna. Grunnskóla kennarar hafa unnið upp í þær kennslustundir sem þeir hafa þurft leyfi frá. Það sem útaf hefur staðið og ekki verið hægt að leysa þannig hefur verið greitt með yfirvinnu.

Forföll nemenda

Hér á eftir koma upplýsingar um ástundun nemenda grunnskólans úr Mentor:

| Seint | Veikindi | Leyfi | Leyfi stundir | Leyf óveður | Fjarvist |
|--------|----------|----------|---------------|-------------|----------|
| 21 kst | 49 dagar | 96 dagar | 11 kst | 68 dagar | 9 kst |

Báðir skólarnir voru lokaðir í 6 daga vegna veðurs og ófærðar. Leikskólinn lokaði vegna hertra aðgerða vegna covid-19 frá 6. apríl til og með 24. apríl eða í 12 skóladaga. Grunnskólinn var kominn í páskafrí þegar til lokunar kom svo þar voru þetta 9 skóladagar.

Tvö börn úr leikskólanum fóru í leyfi 16. mars þegar sett var á samkomubann og komu ekki til baka þetta skólaárið.

Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskóla er 36 vikur eða 180 nemendadagar þ.e. kennslu- og prófdagar nemenda og viðtalsdagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla eru fimm. Starfsdagar utan skólatíma eru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrjú í maí/júní og er það samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Á skólaárinu 2019-2020 fékk grunnskólinn úthlutað 79 stundum til að sinna

bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skiptitímum. Úthlutunin miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Skólinn var opnaður kl. 07.50 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:15. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 15:20, misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að skólaárið myndar eina heild án annaskiptingar. Námsmat fer fram jafnt og þétt en fundir með umsjónarkennurum voru í upphafi skólaárs, á miðri fyrstu önn og við upphaf annarrar annar. Hæfnikort nemenda voru sýnileg foreldrum fyrir viðtal á fyrstu önn og síðan uppfærð. Nemendum í 1.-4. bekk var kennt 30 kst. á viku, nemendur í 5. bekk 35 kennslustundir og 9. og 10. bekk 37 kennslustundir. Inni í kennslustundafjölda unglínganna eru valnámskeið sem kennd eru á Ísafirði.

Vetrarfrí Grunnskólans voru 18. og 21. október og 27. og 28. febrúar. Foreldradagar í grunnskólanum var 17. október og 19. febrúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við umsjónarkennara ásamt nemandanum.

Foreldraviðtöl á leikskólanum voru dagsett 9. -11. mars. Hópstjórar hittu þá foreldra og var deildarstjóri með í þeim samtölum sem þess var óskað.

Valgreinar á unglíngastigi voru kenndar á Ísafirði fyrir og eftir áramót. Meðal þess sem nemendur völdu sér þar voru ítalska, franska, myndmennt, heimilisfræði, hárgreiðsla, málm og silfursmíði, hönnun og smíðar, hönnun og þrjón og smáskipanám. Það gekk ekki eins vel og skildi að koma nemendum í tímana eftir áramótin vegna veðurs og svo vegna samkomubanns.

Rúllandi stundaskrá tónlistarskóla, danskennsla, viðvera námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings setur svip á skólastarfið.

Starfstími Grænagarðs var frá 13. ágúst 2019 til 3. júlí 2020 Þá hófst fjögurra vikna sumarlokun. Starfsdagar á leikskólanum voru þrír, einn námskeiðsdagur og tíu starfsmannafundir þar sem lokað var í tvo tíma í byrjun dags.

Leikskólinn opnar klukkan 8:00 á morgnana og lokar klukkan 16:00 alla dag. Leitast er við að hafa jafnvægi á milli mismunandi þátta á milli frjálsra og skipulagðra leikja, inni og úti.

Leikskólinn er einsetinn. Dagskipulag hans breyttist aðeins eftir áramót og var það með eftirfarandi hætti fyrir áramót:

| | |
|---------------|---|
| 8:00 - 8:30 | Leikskólinn opnar, róleg stund – frjáls leikur. |
| 08.30– 08:45 | Morgunstund. |
| 8:45– 9:15 | Morgunverður. |
| 9:15-9:45 | Hópatími. |
| 9:45– 10.30 | Valtími. |
| 10.30 – 11.30 | Útivera. |
| 11.30 – 12.00 | Hádegisverður. |
| 12.00 – 12.30 | Hvíld, róleg stund. |
| 12.30 – 13.30 | Valtími, frjáls leikur á leiksvæðum |
| 13.30–14:30. | Hópastarf. |
| 14:45 -15:15 | Söngvastund og kaffitími. |
| 15.15 – 16:00 | Frjáls leikur á leiksvæðum og leikskólinn lokar |

Eftir áramót var dagskipulagði með eftirfarandi hætti:

| | |
|--------------------|--|
| 8:00-8:30 | Börnin mæta á leikskólann og leika í rólegum leik |
| 8:30-8:45 | Morgunstund – <i>Söngur, bókalestur, sögustund eða annað</i> |
| 8:45-9:15 | Morgunmatur |
| 9:15-9:45 | Hópatími (<i>Hver hópur með sínum hópstjóra</i>) |
| 9:45-10:15 | Ávaxtastund/Frjáls leikur |
| 10:30-11:30 | Útivera |
| 11:30-12:00 | Hádegismatur |
| 12:00-12:30 | Hvíld/rólegheit |
| 12:30-13:30 | Frjáls leikur/útivera |

13:30-14:20 Þemahópatími (*Hóparnir rúlla á milli kennara*)

14:20-14:45 Söngstund – *Sameiginleg á mánudögum*

14:45-15:15 Nónhressing

15:15-16:00 Frjáls leikur/útivera

Samstarf skólanna

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Öfundarfjarðar hefur verið að aukast undanfarin ár. Dægradvölin er starfrækt í grunnskólahúsnæðinu en það fyrirkomulag gengur vel og verður því svo áfram.

Skólarnir hafa sameinast um leiksýningar fyrir nemendur en í ár var farið á eina sýningu á Ísafjörð með



elstu börnin af leikskólanum og auk þess gaf Einar Mikael töframaður nemendum á Flateyri eina sýningu sem fram fór á leikskólanum í mars. Sameiginlegt jólaball var haldið á leikskólanum. Á

vordögum fóru svo nemendur leik- og grunnskóla saman í Sólargöngu og borðuðu saman grillmat í lok dags. Útskriftarágangur leikskólans fór með yngri nemendum grunnskólans í vorferð og var það jafnframt þeirra útskriftarferð. Möguleikar á enn frekara samstarfi eru miklir en þarfnast góðs skipulags vegna fjarlægðar á milli húsa. Elstu nemendur leikskólans mættu þrisvar sinnum í viku í grunnskólann og voru þar 2 kennslustundir við nám og borðuðu morgunmat og fóru í frímínútur með nemendum. Þetta hófst sem tilraunaverkefni en gaf góða raun og verður haldið áframa næsta skólaár með svipuðum hætti.

Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008) Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið.

Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert. Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir.

Upplýsinga fyrir sjálfsmat var aflað með vinnu starfsmanna við gæðagreina, með mati á námsárangri nemenda á samræmdum prófum í 4. og 9. bekk og Lesferlisprófi Menntamálastofnunar. Þá var einnig stuðst við niðurstöður úr Skólapólssi, en þetta árið var könnunin einungis lögð fyrir nemendum. Einnig er

samantekt úr starfsmannasamtölum notuð við matið. Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir þar sem starfsmannahópurinn er fámennur.

Skólaárið 2018-2019 var hafin vinna með Gæðagreina sem byggja á skosku sjálfsmatskerfi How good is our school. Árið 1999 var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og þá nefnt Gæðagreinar. Uppfærslur hafa verið gerðar á skosku útgáfunni og þær þýddar yfir á Íslensku. Núverandi gæðagreinar sem komu út í Skotlandi í september 2015 bera nöfnin Hversu góður er skólinn okkar og Hversu góður er leikskólinn okkar. Leik- og grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota þessa gæðagreina og hafa notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Þetta skólaár var unnið með fimm gæðagreina í grunnskólanum. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Þar sem starfsmenn eru mjög fáir við skólanum framkvæmdum við vinnuna þannig að fyrst fékk hver einstaklingur spurningarnar í hendurnar og merkti við sitt mat. Síðan hittist allur hópurinn og bar saman bækur sínar, ræddi og rökstuddi og komst síðan að sameiginlegri niðurstöðu um hverja spurningu fyrir sig. Helstu niðurstöður úr vinnunni með gæðagreinana eru eftirfarandi:

Gæðagreinir 1.4. Forysta og starfsmannastjórnun. Helstu styrkleikar eru hversu vel hefur gengið að skapa góðan skólabrag, hversu vel við höfum náð að nýta okkur umkvartanir til úrbóta og að réttindi starfsfólks eru virt. Helstu veikleikar í þessum þætti eru að ná að virkja foreldra betur með okkur til fundahalds.

Gæðagreinir 2.5. Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi. Styrkleikar í þessum þætti eru að unnið er með skapandi aðferðir til að virkja fjölskylduna til þátttöku, t..d. kaffihúsakvöld og á yngra stiginu eru send fjölskylduverkefni heim. Sameiginleg sýn starfsmanna á þarfir nemenda er einnig styrkleiki. Miðað við þennan gæðagreini þurfum við að bæta okkur í stefnumótun um snemmtæka íhlutun byggða á þátttöku fjölskyldunnar í skólastafi.

Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Þessi þáttur kemur mjög sterkur út í heildina og má þar nefna að við sjáum framfarir í námsumhverfi, námsvitund og líðan. Engir sérstakir veikleikar koma fram í mati á þessum gæðagreini.

Gæðagreinir 3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur. Þarna eru styrkleikar okkar hversu vel við þekkjum nemedur og höfum góða yfirsýn. Við fögnum árangri, drögum úr hindrunum og tryggjum

sanngirni. Veikleikar eru mælingar á árangri, við ræðum hlutina og erum alltaf að bæta okkur í nýtingu mælitækja en megum enn gera betur.

Gæðagreinir 3.3. Sköpun og starfshæfni. Þarna eru styrkleikar sem felast í skapandi skólastarfi. Nemendur fá tækifæri til að móta sköpunarhæfni sína í námi. Afrakstur kaffihúsakvölds, ljóðamarabons og smiðjutíma styður við þetta mat. Vel er stutt við nemendur sem þurfa stuðning við að ná markmiðum. Veikleikar tengjast tæknibúnaði frekar en viljaleysi.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf heildarinnar við hverja spurningu,

Yfirlit gæðagreina í grunnskólanum

| Gæðagreinir | Meðaltalseinkunn |
|--|------------------|
| 1.4. Forysta og starfsmannastjórnun | 4,5 |
| 2.5. Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi | 4,2 |
| 3,1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar | 5,0 |
| 3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur | 4,2 |
| 3.3. Sköpun og starfshæfni | 4,8 |
| Meðaltalseinkunn úr öllum þáttum | 4,54 |

Gæðagreinir 2.7. Samstarf var unninn á leikskólanum. Meðaleinkunn úr þeim gæðagreini var 4 og allir þættir jafnvígir. Endurskoða þarf hvort gæðagreinarnir fyrir leikskóla eru heppilegasta matstækið. Hér fyrir neðan má sjá þá áætlun sem gert var ráð fyrir að vinna eftir þetta skólaár eða fram til vors 2022, bæði innra og ytra mat. Þeir þættir sem þarna eru tilteknir fyrir skólaárið 2019--2020 voru unnir, unnið var í skólanámskrám beggja skóla og eru þær komnar á heimasíðu skólans og verða endurskoðaðar haustið 2020. Stjórnunarþátturinn var metinn með gæðagreini 1.4. fyrir grunnskóla. Starfsmannasamtöl voru tekin. Rýnt var í niðustöður samræmdra prófa, orðarúnar og lesferils.

| | 2018- 2019 | 2019- 2020 | 2020- 2021 | 2021- 2022 |
|----------|---|---|--|---|
| Haustönn | Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk | Ytri tengsl Skólapúlsinn Stjórnun Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk | Einkenni stofnunar staða samfélaginu Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf 4.-7.bekk | og Nám og kennsla í Skólapúlsinn Samræmd í könnunarpróf í 4.-7.bekk |
| Vorönn | Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn | Samantekt og mat á árangri skólastarfsins Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún | Stefna og markmið Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún | Skólapúlsinn Samræmd próf í 9.bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill |

| | | | | |
|--|-----------|-----------|-----------|--|
| | Orðarún | Lesferill | Lesferill | |
| | Lesferill | | | |

Starfsmannasamtöl voru tekin að vori og náðu allir starfsmenn leik- og grunnskóla að mæta. Það tókst að stofna starfsmannafélag og ná að hrista hópinn aðeins saman utan vinnutíma og þarf það starf að halda áfram. Tekist hefur að mynda svigrúm fyrir starfsmenn leikskólans til að sækja sér endurmenntun á vinnutíma þ.e. ef aðeins einn eða tveir sækjast eftir sama námskeiði. Almennt eru starfsmenn ánægðir með vinnustaðinn og líðan góð.

Starfsmannkönnun var ekki gerð en gerð var könnun meðal forletra leikskólabarna. Meðal þess sem þar kemur fram er skortur á leikskólakennurum en hlutfall þeirra sem eru með leyfisbréf hefur aukist síðan könnunin var tekin. Upplýsingamiðlun var annar þáttur sem var ábótavant en síðan hefur Karellen upplýsingasíða verið tekin í notkun og sendir deildarstjóri vikulegar upplýsingar um starfið. Ánægja með leikskólann mælist yfir landsmeðaltali en ánægja barnanna þó undir. Tengsl við starfsfólk er yfir landsmeðaltali.

Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar þreyttu samræmd próf í stærðfræði og íslensku í september og nemendur 9. bekkjar þreyttu samræmd próf í stærðfræði, íslensku og ensku í mars. Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að hann hefur verið að aukast í báðum fögum. Árangur í stærðfræði hefur verið betri en í íslensku og hefur legið við landsmeðaltal frá 2007. Árangur í íslensku hefur aukist töluvert frá 2014-2019 og mældist rétt yfir meðaltali. Of fáir of

fámennir árgangar hafa tekið samræmda prófið í 9 bekk á Flateyri til að birta niðurstöður. Kennarar hafa rýnt í niðurstöður prófanna og nýtt til að finna hvar styrkleikar og veikleikar liggja.

Unnið var að umbótum vegna ytra mats sem starfsmenn menntamálastofnunar unnu á skólunum vorið 2019. Umbótaætlun var skilað síðast í júní 2020 og gengur vel að vinna að þeim markmiðum sem þar eru sett.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar gerði ráð fyrir rúmlega 60 milljónum króna en heildarniðustaða varð um 65 milljónir króna. Stærsti þátturinn í hallanum er að kostnaður við mótuneyti upp á 3,4 milljónir var bókaður á grunnskólann en gert ráð fyrir honum á bókhaldslykli á leikskólanum. Heitt vatn er á sameiginlegum mæli með íþróttahúsi og fór sú notkun um 400 þúsund fram yfir. Á Grænagarði var áætlun upp á 51 milljónum en 41 milljón var nýtt. Heildarfjármagn áætlað til fræðslumála á Flateyri voru um 111,6 milljónir og nýttar voru um 107,2 milljónir. Það er ánægjulegt að fara ekki yfir á fjárhagsáætlun en huga þarf vel að því að nýta fjármagn sem best þar sem margt þarfnast endurnýjunar á báðum stöðum.

Framkvæmdir

Skólalóð grunnskólans var tekin í gegn haustið 2018 og allflest leiktæki endurnýjuð. Settar voru gúmmímottur undir öll tækin. Gróðurkössum var komið fyrir á skólalóðinni auk tveggja geymsluskúra. Enn hefur ekki verið lokið við málningarvinnu á ramma sem var sagaður þegar ný hurð út á leiksvæðið var sett. Göngustígar á leiksvæðinu eru ófrágengnir en þá átti að malbika. Verkmenntastofa á neðri hæð er illa farin og þarfnast endurnýjunar. Útveggir eru mjög sprungnir og kemur fyrir að þar lekur inn. Þörf er orðin á að mála í starfsmannaaðstöðu á efri hæð; skrifstofu skólastjóra, kennaraherbergi, eldhús og hol. Grunnskólahúsið þarf að mála að utan, bæði veggi og þak. Þakrennur eru ryðgaðar í göt og lekur vatn niður við aðalinnganginn svo það þarfnast lagfæringa. Þessi kafli hér á undan er óbreyttur úr skýrslu frá skólaárinu 2018- 2019 þar sem ekkert af ofantöldu hefur komist í framkvæmd.

Auk þess veðruðust leiktækin á skólalóðinni mikið síðasta vetur og þyrfti að bera á þau. Skemmdir urðu á leiktækjum, búið er að gera við rólur en þær virðast samt vera skakkar og þarf að athuga betur. Staurar sem bera uppi körfuboltakörfur skemmdust síðasta vetur og þarfnast lagfæringar. Neðri hæð skólans og stór kennslustofa á efri hæð verður bónað í sumarlokun.

Skoða þarf allar lagnir í grunnskólanum og er það verk komið í gang. Útbúa þyrfti almennilega ræstikompu á neðri hæð. Brunaæfing var haldin í grunnskólanum og gerð úttekt á honum af slökkviliði. Ekki náðist að gera slíkt hið sama á leikskólanum ern verður hugað að því strax í upphafi nýs skólaárs. Slökkvitæki beggja skóla voru yfirfarin.

Á Grænagarði eru gólfefnin mjög illa farin en þau verða bónuð í sumarlokun. Ekki reyndist möglegt að vinna þau eins vel upp og til stóð á síðasta sumri og þarf því að huga að skiptum. Aðkallandi er orðið að mála leikskólann að innan og dytta að gluggum. Útidyr eru orðnar frekar lélegar og setja þarf snjóstoppara á þak hússins þar sem það er hátt og bratt og mikill snjór hrynur af þakinu með tilheyrandi skemmdum á þakrennum og hættu fyrir börn sem eru úti í leik.

Tími er kominn á endurnýjun á mörgu á leikskólanum, pöntuð voru borð og stólar í vor og er von á þeim húsgögnum næsta haust. Einnig þarf að klára að endurnýja borðbúnað.

[Aðkeypt þjónusta](#)

Skólarnir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig hefur verið keypt þjónusta iðnaðarmanna í smærri verk. Túlkþjónusta er keypt eftir þörfum.

Hér lýkur þessari yfirferð um skólastarf á Flateyri skólaárið 2019- 2020.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri